

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/170

2022/EES/26/01

frá 2. febrúar 2018

um samræmdar ítarlegar forskriftir fyrir gagnasöfnun og -greiningu til að fylgjast með og meta virkni EURES-netsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589 er sett fram krafa um að aðildarríkin komi á verklagi við söfnun gagna um starfsemi EURES-netsins sem fram fer á innlendum vettvangi.
- 2) Til þess að meta frammistöðu og starfsemi EURES-netsins með nákvæmum og samkvæmum hætti er nauðsynlegt að koma á sameiginlegum ramma yfir hugtök og málsmeðferð og skilgreina vísa og þau lágmarksgögn sem afla skal.
- 3) Þessi rammi yfir hugtök og málsmeðferð ætti að koma að notum við að meta árangurinn sem náðst hefur í ljósi markmiðanna fyrir EURES-netið sem sett eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/589.
- 4) Til þess að meta frammistöðu EURES-netsins með heildstæðum hætti og ná fram besta mögulega mati á virkni þess ætti ramminn að taka til tveggja viðbótarþátta, auk þeirra þriggja þátta sem varða stoðþjónustu við einstakt launafólk og vinnuveitendur sem um getur í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, þ.e. upplýsinga og leiðbeininga, árangurs í atvinnumálum og ánægju viðskiptavina. Þessir tveir viðbótarþættir í starfsemi EURES-netsins eru þverlægi stuðningurinn sem veittur er, s.s. menntun, og samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við, s.s. ráðningarviðburðir og ráðstafanir til að tryggja gagnsæi upplýsinga um vinnumarkaðinn. Samþætting þessara tveggja viðbótarþátta við frammistöðumatskerfi EURES-netsins gerir það mögulegt að takast á við ýmsar upplýsingakröfur reglugerðar (ESB) 2016/589 og gerir frammistöðumatskerfi EURES-netsins samrýmanlegt öðrum skýrslugjafarkerfum sem tilgreind eru í sömu reglugerð. Þetta getur því hámarkað mögulegan ávinning af EURES-netinu og dregið á sama tíma úr skýrslugjafarbyrði aðildarríkjanna.
- 5) Til að auðvelda gagnasöfnun og -greiningu og til að komast hjá tvíverknaði ætti ramminn að byggja á fyrirliggjandi starfsvenjum í aðildarríkjunum, einkum á starfsvenjum innan opinberra vinnumiðlana.
- 6) Ramminn þarf að vera nógu sveigjanlegur til að hægt sé að nota aðrar gagnalindir eða aðferðir við söfnun í þeim tilfellum þar sem erfitt getur reynst að mæla beinan árangur sértækra aðgerða, s.s. ráðningar og atvinnumiðlunar, með beinum hætti.
- 7) Nýta ætti öll hugsanleg samlegðaráhrif af fyrirkomulagi og ferli við árlega áætlanagerð, eftirlit og mat á starfsemi EURES-netsins skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, einkum svo að hægt sé að taka tillit til greiningar á frammistöðumatinu við gerð þeirra landsbundnu vinnuáætlana sem á eftir koma.
- 8) Ramminn ætti að gera það mögulegt að stjórna starfsemi EURES-netsins á skilvirkan hátt á landsvísu og á vettvangi Sambandsins og hjálpa til við að meta hvenær þörf er á stefnumótandi eða rekstrartengdum breytingum. Hann ætti að styðja við þróun frammistöðumatsmenningar innan EURES-netsins með árangursmiðaðri stefnumörkun, kostnaðarhagkvæmni og ábyrgð varðandi útgjöld sem lykilþætti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 31, 3.2.2018, bls. 104. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og Bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 52.

(1) Stjttð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1.

- 9) Ramminn ætti að vera tæki til að afla samanburðarhæfra meginlegra og eigindlegra gagna til að meta þá starfsemi EURES-netsins sem fellur þar undir en öll greining og túlkun verður að vera gerð með fullu tilliti til þátta sem lúta að samhengi á innlendum vettvangi, svo sem aðstæðna á vinnumarkaði, stjórnskipulags og almennrar stefnu að því er varðar hreyfanleika. Af þessum sökum ættu aðildarríki að bera ábyrgð á greiningum á innlendum vettvangi sínum.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit EURES-nefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót samræmdum ítarlegum forskriftum fyrir gagnasöfnun og -greiningu til að fylgjast með og meta virkni EURES-netsins — frammistöðumatskerfi EURES-netsins — með því að skilgreina þá þætti frammistöðunnar sem leggja skal mat á, frammistöðuvísa, mögulegar gagnalindir og ferla vegna gagnasöfnunar og -greiningar.
2. Frammistöðumatskerfi EURES-netsins skal m.a. notað til að:
 - a) safna, deila og greina sameiginlega upplýsingar sem um getur í 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589,
 - b) íhuga ráðstöfun fjárveitinga og forgangsröðun við áætlanagerð fyrir starfsemi EURES-netsins sem um getur í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589,
 - c) íhuga viðskiptalíkön og skipulag EURES-netsins og önnur mikilvæg innlegg í starfsskýrslurnar til meginstofnana Sambandsins og eftirámatsskýrsluna sem um getur í 33. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, eftir því sem við á.
3. Í ákvörðun þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:
 - a) „frammistöðuþættir“: eftirfarandi svið starfsemi EURES-netsins sem mæld skulu með vísun:
 - 1) upplýsingar og leiðbeiningar,
 - 2) árangur í atvinnumálum,
 - 3) ánægja viðskiptavina,
 - 4) samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við og
 - 5) þverlægur stuðningur,
 - b) „frammistöðuvísar“: eftirfarandi vísar sem tengjast starfsemi EURES-netsins og samstarfi innan þess með beinum hætti:
 - 1) „kjarnavísar“: sem tengjast starfsemi EURES-netsins sem fram fer í hverju aðildarríki að því er varðar stoðþjónustu fyrir launafólk og vinnuveitendur í samræmi við 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589,
 - 2) „netvísar“: sem tengjast heildarstarfsemi EURES-netsins, þ.m.t. gögnum sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/589 og þeim sem evrópska samráðsskrifstofan safnar,
 - c) „sambhengisvísar“: vísar sem tengjast vinnumarkaði, atvinnustefnum og stjórnskipulagi EURES-netsins og sem kunna að eiga rætur að rekja til annarra gagnalinda en þeirra sem eru undir stjórn EURES-netsins,
 - d) „samskipti“: hvers konar stök samskipti milli starfsfólks aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess og viðskiptavinar (launamaður eða vinnuveitandi) sem er hreyfanlegt vinnuafli innan ESB,
 - e) „viðburður“: hvers konar fyrirhugaður atburður sem aðilar að EURES-netinu eða samstarfsaðilar þess skipuleggja eða taka þátt í til að veita upplýsingar um hreyfanleika vinnuafli innan ESB eða til að greiða fyrir ráðningum og atvinnumiðlunum, s.s. eins og atvinnulessur (e. job fairs), ráðstefnur og upplýsingafundir,

- f) „atvinnumiðlun“: árangurinn af ferlinu við að ráða í laust starf, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, þ.m.t. möguleikar á lærlings- og starfsnemastöðum,
- g) „atvinnuumsókn“: skjál eða skjöl sem umsækjandi sendir vinnuveitanda eða vinnumiðlun sem er þáttur í því ferli að upplýsa vinnuveitandann um að umsækjandi sé laus til vinnu og hafi hug á að gegna tilteknu starfi eða stöðu.

2. gr.

Almennar meginreglur

1. Sérhvert aðildarríki skal koma á fót kerfi til að safna þeim gögnum sem tilgreind eru í þessari ákvörðun frá viðkomandi landsbundnum aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess og frá öllum öðrum gagnalindum sem gætu veitt þau gögn sem þörf er á.
2. Gögn sem safnað hefur verið og sannreynd skal senda til evrópsku samráðsskrifstofunnar á venjulegu sniðmáti og í samræmi við ferlana sem settir eru fram í 7. gr.
3. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, tryggja að í þeim tilfellum þar sem gögn eru ekki auðveldlega aðgengileg skuli aðrar gagnalindir eða aðferðir við söfnun notaðar og þeim lýst á viðeigandi hátt.
4. Aðildarríki skulu gera sitt ítrasta til að starfa hvert með öðru og með framkvæmdastjórninni til að tryggja bestu mögulegu gæði ílagsgagna og einkum tilgreina alla auðkennda tvítalningu þegar þau leggja gögnin fram og greina þau.
5. Í kjölfarið á gagnasöfnuninni í tengslum við frammistöðumatskerfi EURES-netsins skal fylgja árleg gagnagreining á niðurstöðunum á landsvísu, í nánum tengslum við árlegt áætlunargerðarferli fyrir starfsemi EURES-netsins á landsvísu, eins og kveðið er á um í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589. Nota skal frammistöðumatskerfi EURES-netsins til að auðkenna árangur af starfsemiinni sem fyrirhuguð var og fram fór á næstliðnu almanaksári, sem skal greina og nota við þróun á nýjum landsbundum vinnuáætlunum fyrir næsta almanaksár.
6. Gagnagreiningin sem um getur í 5. mgr. skal styðja við framsetningu þeirra gagna sem safnað hefur verið með því að tilgreina þau skilyrði sem niðurstöðurnar fengust við, hvers konar takmarkanir á aðferðafræðinni við gagnaöflunina og hvers konar takmarkanir á getu gagnanna til að mæla raunverulega starfsemi sem hefur átt sér stað. Hvert aðildarríki skal bera ábyrgð á eigin gagnagreiningum og tryggja að gögnin megi skilja og leggja fram í viðeigandi innlendu samhengi.
7. Gagnagreiningin sem um getur í 5. mgr. skal stuðla að betri skilningi á gögnum og niðurstöðum sem fást í því tiltekna innlenda samhengi. Gagnagreiningin skal enn fremur stuðla að því að skilgreina megi styrkleika og veikleika að því er varðar starfsemi EURES-netsins í hlutaðeigandi aðildarríki til lengri tíma og styðja þannig við vöktun, mat og, eftir því sem við á, ákvarðanatöku varðandi stefnumótandi og rekstrarlegar breytingar á landsvísu.
8. Framkvæmdastjórnin skal styðja greiningarferli einstakra aðildarríkja með því að taka saman landsgögnin, veita ESB samanlagðar heildarupplýsingar, deila upplýsingum innan EURES-netsins, miðla upplýsingum í samræmi við 8. gr. og með því að beina athyglinni að samlegðaráhrifum og sameiginlegum málum.

3. gr.

Hlutverk og ábyrgðarsvið landsbundinna samræmingarskrifstofa

Landsbundnu samræmingarskrifstofurnar skulu, hver í sínu aðildarríki, bera ábyrgð á því að:

- a) safna gögnum frá aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess og, eftir því sem við á, frá öðrum gagnalindum,
- b) tryggja að gögn sem berast frá aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess séu samræmd og uppfylli þá gæðastaðla sem samkomulag er um milli landsbundnu samræmingarskrifstofunnar og hlutaðeigandi aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess,
- c) senda gögnin sem safnað hefur verið og sannreynd með þessum hætti til evrópsku samráðsskrifstofunnar, í samræmi við 7. gr., með hliðsjón af vísunum sem um getur í 9. gr.,
- d) láta fara fram greiningu á vísunum á landsvísu,
- e) gerðar séu allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir sem byggja á niðurstöðum þessarar greiningar.

*4. gr.***Hlutverk og ábyrgðarsvið evrópsku samráðsskrifstofunnar**

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal bera ábyrgð á að styðja við söfnun og greiningu á gagnavísunum, einkum með því að:
 - a) koma á fót og viðhalda sérstökum hluta í gestaneti EURES-vefgáttarinnar til að landsbundnu samræmingarskrifstofurnar geti haft aðgang að:
 - i. rafrænu útgáfunni af skránni yfir vísa og mögulegar gagnalindir, sem um getur í 9. gr.,
 - ii. því sniðmáti fyrir gagnasendingar sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og tengdum upplýsingum um útfyllingu og framlagningu sniðmátsins,
 - iii. þeim tækjum, skjölum og leiðbeiningum sem nauðsynlegar eru til að skiptast á og greina gögn,
 - b) styðja við samræmi milli beitingar aðildarríkja á 31. og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589,
 - c) greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja,
 - d) skilgreina samlegðaráhrif og sameiginleg aðgerðasvið,
 - e) taka saman landsgögn til að veita ESB samantekin gögn,
 - f) láta í té vísa og upplýsingar um strauma og mynstur með tilliti til hreyfanleika vinnuafis á evrópskum vettvangi í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.
2. Evrópska samráðsskrifstofan skal deila niðurstöðum frammistöðumatskerfis EURES-netsins innan EURES-netsins og miðla þeim í samræmi við 8. gr.

*5. gr.***Hlutverk og ábyrgðarsvið aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess**

Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess skulu leggja sitt af mörkum til frammistöðumatskerfis EURES-netsins með því að veita sannprófuð gögn um starfsemi sína innan viðeigandi frammistöðuþátta og með þeim vísunum og þeirri tíðni sem landsbundna samræmingarskrifstofan sem ber ábyrgð kallar eftir.

*6. gr.***Hlutverk og ábyrgðarsvið samræmingarhópsins**

1. Samræmingarhópurinn skal fylgjast náið með beitingu 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589 og vera vettvangur skoðanaskipta og bestu starfsvenja í því skyni að bæta virkni frammistöðumatskerfis EURES-netsins.
2. Samræmingarhópurinn skal taka beitingu þessarar ákvörðunar til endurskoðunar einu sinni á ári. Þessi endurskoðun verður framlag samræmingarhópsins til skýrslna framkvæmdastjórnarinnar um starfsemina og eftirámatið, í samræmi við 33. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.
3. Allar breytingar á skránum, sniðmátunum, tækjunum, skjölunum og leiðbeiningunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. skulu samþykktar í samræmingarhópnum áður en hægt er að beita þeim.
4. Samræmingarhópurinn skal ákveða aðferð við miðlun á niðurstöðum frammistöðumatskerfis EURES-netsins.

*7. gr.***Ferlar**

1. Landsbundnu samræmingarskrifstofurnar skulu senda evrópsku samráðsskrifstofunni gögnin sem safnað hefur verið í samræmi við ákvörðun þessa nema annað sé tekið fram í skránni yfir vísana, sem um getur í 9. gr. Gögnin skulu send í ágúst fyrir tímabilið frá janúar til júní og í febrúar fyrir tímabilið frá júlí til desember á fyrra almanaksári.

2. Framkvæma skal greiningu á gögnunum árlega á þremur fyrstu mánuðum ársins sem kemur á eftir árinu sem gögnunum var safnað um. Greina skal frá niðurstöðum greiningarinnar í tengslum við skýrsluna um framkvæmd starfseminnar, sem mælt er fyrir um í landsbundnu vinnuáætluninni eins og um getur í 3. gr. framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1256 ⁽¹⁾.

8. gr.

Samnýting og miðlun upplýsinga

1. Gögnunum sem safnað er og greining á þeim skal gerð aðgengileg landsbundnu samræmingarskrifstofunum og aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess í sérstökum hluta gestanets EURES-vefgáttarinnar.
2. Evrópska samráðsskrifstofan skal notast við viðeigandi gögn úr frammistöðumatskerfi EURES-netsins sem framlag EURES-netsins til skýrslna framkvæmdastjórnarinnar um starfsemi innri markaðarins.
3. Öll frekari miðlun skal falla undir gildissvið miðlunaraðferðarinnar sem samræmingarhópurinn kemur sér saman um.

9. gr.

Skrá yfir vísa

Landsbundna samræmingarskrifstofan skal safna gögnum og greina þau og senda til evrópsku samráðsskrifstofunnar í samræmi við skrána yfir vísa og mögulegar gagnalindir sem er að finna í viðaukanum.

10. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Skyldan til að láta í té gögn í samræmi við þessa ákvörðun skal koma til framkvæmda frá og með viðmiðunarárinu 2018.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1256 frá 11. júlí 2017 um sniðmát og verklagsreglur vegna skipta á upplýsingum um landsbundnar vinnuáætlanir EURES-netsins á vettvangi Sambandsins (Stjttíð. ESB L 179, 12.7.2017, bls. 24).

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VÍSA SEM NOTA SKAL TIL AÐ VEITA FRAMMISTÖÐUMATSKERFI EURES-NETSINS GÖGN

Rafræn útgáfa þessarar skrár og síðari samsteyptar og breyttar útgáfur af henni verða aðgengilegar landsbundnu samræmingarskrifstofunum á gestaneti EURES-vefgáttarinnar.

I. Kjarnavísar

1. Atvinnuumsóknir sem hafa verið afgreiddar og unnar

— *Mæling:* Fjöldi atvinnuumsókna launafólks, bæði í landinu og frá öðrum löndum, valkvætt sundurliðað eftir kyni.

Þessi vísir mælir fjölda atvinnuumsókna sem afgreiddur er og unninn af starfsfólki aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess í því skyni að styðja þörun einstaks launamanns og atvinnumiðlunar innan ESB.

— *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, kannanir, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.

— *Frammistöðuháttur:* Árangur í atvinnumálum.

— *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

2. Lausar stöður sem hafa verið afgreiddar og unnar

— *Mæling:* Lausar stöður hjá vinnuveitendum, bæði í landinu og frá öðrum löndum.

Þessi vísir mælir fjölda lausra staða sem starfsfólk aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess hefur afgreitt og unnið í því skyni að styðja þörun einstaks vinnuveitanda og starfa og ráðningarferlis innan ESB.

— *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, kannanir, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.

— *Frammistöðuháttur:* Árangur í atvinnumálum.

— *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

3. Atvinnumiðlun sem komið var til leiðar vegna ráðningar- og atvinnumiðlunarstarfsemi

— *Mæling:* Fjöldi innlendra atvinnuleitenda sem fann vinnu erlendis og fjöldi erlendra atvinnuleitenda sem fann vinnu innanlands, valkvætt sundurliðað eftir kyni.

Þessi vísir mælir árangur sem fenginn er með ráðningar- og atvinnumiðlunarstarfsemi EURES-netsins á grundvelli fjölda atvinnumiðlana sem komið var til leiðar vegna stuðningsþjónustu sem starfsfólk aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess veitti.

Þennan vísir verður að greina í samhengi við afrakstur kjarnavísa 1 og 2 varðandi fjölda lausra staða annars vegar og hins vegar atvinnuumsóknir sem hafa verið afgreiddar og unnar.

Til að forðast mögulega tvítalningu í ólíkum framlögum ætti að veita aðskildar upplýsingar um fjölda starfa sem verður til með markvissum ráðningarverkefnum milli landa.

— *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, kannanir, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.

— *Frammistöðuháttur:* Árangur í atvinnumálum.

— *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

4. Upplýsingar og leiðbeiningar veittar launafólki og vinnuveitendum

— *Mæling:*

a) Fjöldi tilvika þar sem átt er í samskiptum við launafólk,

b) Fjöldi tilvika þar sem átt er í samskiptum við vinnuveitendur.

Þessir vísar mæla umfang og eðli samskipta við viðskiptavina og þ.a.l. hversu mikið samband er milli starfsfólks aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess og launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem við á.

Fjölda einstakra tengiliða fyrir launafólk og vinnuveitendur ætti að sundurliða eftir uppruna og umfjöllunarefni: „almennar upplýsingar um EURES-netið“, „ráðningar / atvinnumiðlun“, „lífskjör og starfsskilyrði / almannatryggingar / menntun og þjálfun“ eða „starfsemi sem nær yfir landamæri“.

- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, kannanir, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.
- *Frammistöðuháttur:* Upplýsingar og leiðbeiningar.
- *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

5. **Ánægja viðskiptavina viðkomandi eða vegna stuðningsþjónustu**

- *Mæling:* Þessi vísir mælir ánægjustig viðskiptavina í tengslum við upplýsingar og leiðbeiningar, ráðningar og aðstoð við atvinnuleit sem starfsfólk aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess býður launafólki og vinnuveitendum.
- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir, kannanir landsbundinna samræmingarskrifstofa eða aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess.
- *Frammistöðuháttur:* Ánægja viðskiptavina.
- *Gagnaöflunartímabil:* Árlega.

II. Netvísar

1. **Þjálfunarstarfsemi til aðstoðar starfsfólki stofnana og fyrirtækja sem taka þátt í EURES-netinu**

- *Mæling:*
 - a) Fjöldi fólks sem hlotið hefur undirbúningsþjálfun vegna EURES-netsins á landsbundnum vettvangi,
 - b) Fjöldi fólks sem hlotið hefur þjálfun vegna EURES-netsins á evrópskum vettvangi.

Þessir vísar mæla þekkingu innan EURES-netsins og skuldbindingu til að tryggja tilskilið hæfi starfsfólks. Undirbúningsþjálfun varðar alla starfsemi sem undirbýr starfsfólk aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þess vegna framkvæmdar á stuðningsþjónustu EURES-netsins (í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589) en þjálfun á evrópskum vettvangi lýtur að þjálfunarnámskeiðum og viðburðum EURES-netsins sem evrópska samráðsskrifstofan samræmir (í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589).

- *Mögulegar gagnalindir:* Landsbundnar samræmingarskrifstofur vegna undirbúningsþjálfunar, evrópska samráðsskrifstofan vegna þjálfunar á evrópskum vettvangi.
- *Frammistöðuháttur:* Þverlægur stuðningur.
- *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

2. **Ánægja viðskiptavina með þjónustuver á netinu fyrir notendur EURES-vefgáttarinnar**

- *Mæling:* Þessi vísir mælir ánægju viðskiptavina að því er varðar beiðnir sem þjónustuverið meðhöndlar og varða tæknilegt hlutverk EURES-vefgáttarinnar og heildarskilning á EURES-netinu og EURES-vefgáttinni. Notendur EURES-vefgáttarinnar eru m.a. launafólk, vinnuveitendur, landsbundnar samræmingarskrifstofur, aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess.
- *Leiðbeinandi helsta gagnalind:* Evrópska samráðsskrifstofan.
- *Frammistöðuháttur:* Þverlægur stuðningur / Ánægja viðskiptavina.
- *Gagnaöflunartímabil:* Árlega.

3. Árangur á samfélagsmiðlum

- *Mæling:* Fjöldi færslna, fjöldi aðdáenda / fylgjenda, umfang / áhrif og þátttaka á hverjum samfélagsmiðli. Þessi vísar mæla sýnileika EURES-netsins á samfélagsmiðlum og frammistöðu ólíkra samfélagsmiðla.
- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, evrópska samráðsskrifstofan.
- *Frammistöðuháttur:* Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil:* Tvisvar á ári.

4. Lausar stöður sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess birta og gera öllum aðgengilegar í EURES-vefgáttinni

- *Mæling:*
 - a) Heildarfjöldi lausra staða hjá aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þeirra,
 - b) Heildarfjöldi lausra staða sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess gera öllum aðgengilegan,
 - c) Fjöldi lausra staða sem gerður er aðgengilegur í EURES-vefgáttinni í gegnum samræmdu rásina.

Þessi vísar mæla fjölda lausra staða sem aðilar að EURES-netinu og, þar sem við á, samstarfsaðilar EURES-netsins, gera aðgengilegan á EURES-vefgáttinni í samanburði við fjölda lausra staða sem gerður er öllum aðgengilegur og fjölda lausra staða hjá þessum stofnunum og fyrirtækjum. Að meginreglu til ætti að birta allar lausar stöður sem eru aðgengilegar öllum. Örfáar undanþágur eru hins vegar mögulegar skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/589.

- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar og samstarfsaðilar að EURES-netinu, evrópska samráðsskrifstofan, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.
- *Frammistöðuháttur:* Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við / Árangur í atvinnumálum.
- *Gagnaöflunartímabil:* Árlega.

5. Markaðshlutdeild aðila að EURES-netinu og, þar sem við á, samstarfsaðila þess á markaðnum fyrir lausar stöður á landsvísu

- *Mæling:*
 - a) Fjöldi lausra staða sem gerður er aðgengilegur í EURES-vefgáttinni í gegnum samræmdu rásina,
 - b) Heildarfjöldi lausra staða í aðildarríkjunum.

Þessi vísar bera saman fjölda lausra staða sem gerður er aðgengilegur á EURES-vefgáttinni við heildarfjölda lausra staða í boði í landinu. Þetta gefur vísbendingu um það hvaða hluta EURES-netið nær yfir innan alls vinnumarkaðarins og að hve miklu leyti EURES-netið veitir gagnsæi á vinnumarkaðnum.

Vísarnir taka til ákvæða c-liðar 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.

- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, Hagstofa Evrópusambandsins, evrópska samráðsskrifstofan, önnur stjórnsýslugögn eða tölfræðileg gögn.
- *Frammistöðuháttur:* Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við / Árangur í atvinnumálum.
- *Gagnaöflunartímabil:* Árlega.

6. Þátttaka í viðburðum og einstaklingar sem náðst hefur til á viðburðum

- *Mæling:* Þessi vísar veita upplýsingar um fjölda ráðningar- eða upplýsingaviðburða sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess taka þátt í, sem og um fjölda einstaklinga sem þeir náðu til á þessum viðburðum.
- *Mögulegar gagnalindir:* Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, önnur stjórnsýslugögn um aðgerðir.

- *Frammistöðupaáttur*: Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil*: Tvisvar á ári.

7. Umfang samskipta við önnur lönd innan alls netsins í heild

- *Mæling*:
 - a) Fjöldi landa sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess hafa unnið með í tengslum við ráðningarstarfsemi EURES-netsins,
 - b) Fjöldi samstarfsverkefna sem unninn er vegna ráðninga.

Þessi vísar mæla umfang samskipta innan EURES-netsins með því að safna upplýsingum um tíðni samstarfs aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila þeirra milli landa (fjöldi ráðningarverkefna með stofnunum eða fyrirtækjum í öðrum löndum).
- *Mögulegar gagnalindir*: Aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess, áætlanagerðarferill, samstarf yfir landamæri og aðstoðarþegar markvissra hreyfanleikaáætlana.
- *Frammistöðupaáttur*: Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil*: Tvisvar á ári.

8. Stakar heimsóknir í EURES-vefgáttina

- *Mæling*: Þessi vísir mælir fjölda stakra heimsókna í EURES-vefgáttina og gefur vísbendingu um hversu hentugar netþjónustuleiðirnar sem eru aðgengilegar í EURES-vefgáttinni eru.
- *Leiðbeinandi helsta gagnalind*: Evrópska samráðsskrifstofan.
- *Frammistöðupaáttur*: Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil*: Tvisvar á ári.

9. Upplýsingasíður atvinnuleitenda sem skráðir eru í EURES-vefgáttinni

- *Mæling*:
 - a) Fjöldi upplýsingasíðna atvinnuleitenda sem skráður er í gegnum sjálfsafgreiðsluna í EURES-vefgáttinni,
 - b) Fjöldi upplýsingasíðna atvinnuleitenda sem fluttur er inn í EURES-vefgáttina um samræmdu rásina.

Þessi vísar mæla fjölda launafólks sem hefur annað hvort ákveðið með virkum hætti að búa sér sjálf til upplýsingasíðu í EURES-vefgáttinni og notast beint við sjálfsafgreiðsluaðgerð vefgáttarinnar eða hefur gefið samþykki sitt fyrir því að upplýsingagögn þeirra í landsbundnum gáttum eða öðrum upplýsingatæknikerfum séu gerð aðgengileg í samræmi við 1. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589. Fjöldi virkra upplýsingasíðna sem aflað er með þessum hætti gefur vísbendingu um hversu heppileg EURES-vefgáttin er sem þörunar/miðlunar tæki og eftirspurn einstaks launafólks eftir stuðningsþjónustu EURES-netsins.
- *Leiðbeinandi helsta gagnalind*: Evrópska samráðsskrifstofan.
- *Frammistöðupaáttur*: Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil*: Tvisvar á ári.

10. Vinnuveitendur sem skráðir eru í EURES-vefgáttinni

- *Mæling*: Þessi vísir mælir fjölda vinnuveitenda sem notar sjálfsafgreiðsluaðgerð EURES-vefgáttarinnar. Hann veitir vísbendingar um þörf fyrir vinnuafli sem getur hugsanlega verið mætt með hreyfanleika vinnuafli innan ESB og um ánægju viðskiptavina með virkni og upplýsingar í EURES-vefgáttinni.
- *Leiðbeinandi helsta gagnalind*: Evrópska samráðsskrifstofan.
- *Frammistöðupaáttur*: Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við.
- *Gagnaöflunartímabil*: Tvisvar á ári.

11. Ánægja viðskiptavina með virkni og upplýsingar í EURES-vefgáttinni

- *Mæling:* Þessi vísir mælir ánægju viðskiptavina úr röðum launafólks og vinnuveitenda á mismunandi tímavörðum notkunar á EURES-vefgáttinni.
 - *Leiðbeinandi helsta gagnalind:* Evrópska samráðsskrifstofan.
 - *Frammistöðubáttur:* Samskipti, samvinna og starfsemi sem beinist að því að vekja áhuga út á við / Ánægja viðskiptavina.
 - *Gagnaöflunartímabil:* Árlega.
-